



Skautasamband Íslands  
Engjavegi 6,  
104 Reykjavík, Ísland

## **Skýrsla stjórnar Skautasambandsins tímabilið 2007-2008.**

Í stjórn á liðnu starfsári voru eftirtaldir aðilar:

|                       |               |
|-----------------------|---------------|
| June Eva Clark        | formaður      |
| Árni Bragason         | varaformaður  |
| Christine Anne Savard | gjaldkeri     |
| Sigrún Inga Mogensen  | ritari        |
| Þórdís Ingvadóttir    | meðstjórnandi |

### **Varamenn:**

Erlendína Kristjánsson  
Kr. Linda Kristinsdóttir  
Heiða Hrönn Hreiðarsdóttir

Stjórn Skautasambandsins byrjaði tímabilið í september á því að hafa fund með stjórnnum félaganna þar sem farið var yfir starf vetrarins og málefni skautaþróttarinnar voru rædd. Þetta var gert til þess að kynna því fólki sem er í stjórnnum félaganna, ásamt því að kynna okkur. Fundurinn var hér í Reykjavík og mæltist vel fyrir af því fólki sem sótti fundinn og samþykkt að þetta verði árlegur viðburður í upphafi tímabils.

Keppnisreynsla er fyrst og fremst það sem háir okkar skauturum vegna staðsetningar Íslands. Mjög kostnaðarsamt er að fara erlendis og taka þátt í opnum mótum þar. Ístímar félaganna eru langt frá því að vera sambærilegir því sem keppendur annars staðar á Norðurlöndunum hafa. Þó aukning hafi verið undanfarin ár þá er enn þó nokkuð sem vantar uppá. Það er staðreynd að keppnisskautarar þurfa að geta skautað a.m.k. 2 klukkutíma á dag 6 daga vikunnar til þess að verða betur samkeppnishæf erlendis. Annað sem er ekki hvað síst mikilvægt og við höfum kannski öll sofið á verðinum með undanfarin ár eru afís æfingar. Þar þarf að gera átak og allir sem æfa skauta þurfa að alast upp við að afís æfingar eru einn af mikilvægari þáttum þess að æfa listhlaup á skautum.

Sumarfrí eru öllum nauðsynleg 4 vikur hæfilegt og í samræmi við það sem gert er annars staðar í heiminum. Sama gildir hér og með keppnir erlendis, dýrt er að ferðast til annarra landa í æfingarbúðir á sumrin þó er það ennþá nauðsynlegt. Mótarið ISU Junior Grand Prix byrjar í ágúst á hverju ári og til þess að ÍSS geti sent skautara á JGP þurfa þeir að getað skautað á sumrin. Félögin hafa þó verið að minnka þann tíma sem skautarar eru í fríi hérlendis með því að hafa æfingabúðir hér á sumrin.

Skautahallirnar á Íslandi loka í maí byrjun og opna ekki fyrr en í ágúst byrjun fyrir æfingar. 3 mánuðir í sumarfrí fyrir keppnisskautara er ekki viðundandi. Það er staðreynd að einstaklingsíþróttir eru meira krefjandi fyrir einstaklinganna og þeir verða að æfa í 11 mánuði á ári til að halda sér í formi, bæta við sig í tækni og skautun.

Því ætti það að vera baráttumál allra félaga og ÍSS að allavegana 1 skautahöll verði opin á sumrin til þess að hægt verði að halda áfram uppbyggingu á keppnisskauturum og um leið kynna íþróttina t.d. vera með vikunámskeið fyrir yngri skautara, foreldrahópa o..fl.

Skautasambandið var mótshaldari Norðurlandamótsins 2008, sem fór fram í Reykjavík. Það var mikill fjöldi fólks sem gaf vinnu sína og ber að þakka öllum sem tóku þátt í undirbúningi og vinnu á NM2008 Sérstaklega vil ég þakka aðstoðarmótsstjórum mínum, Kr. Lindu Kristinsdóttur og Erlendínu Kristjánsón fyrir mikla og góða vinnu. Það er ekki létt verk að manna 2 hallir í fjóra daga en þeim fórst það mjög vel úr hendi. ÍSS hefur fengið mikið lof frá sérsamböndum hinna norðurlandanna þar sem gestir okkar voru ánægðir með alla framkvæmd og umgjörð mótsins í heild. Kostnaður vegna þessa er umtalsverður ég ætla ekki nánar úti þann kostnað hér en hann kemur fram í fjárhagáætlun 2008 sem verður lögð fyrir þingið. ÍSS átti 5 keppendur á mótinu 2 í Junior flokki og 3 í Novice flokki. Skautararnir stóðu sig mjög vel. Allir skautararnir gerðu sitt besta og var framkoma þeirra til fyrirmyndar og við getum verið stolt af þeim. Á fundi formanna sérsambanda norðurlandanna sem haldinn var í Reykjavík samhliða NM2008 var m.a. samþykkt að Novice keppnisflokkar yrðu hér eftir settir inni lög og reglur um Norðurlandamót. Áður hafði Novice keppnisflokkar verið til reynslu á Norðurlandamótum og jafnvel talað um að taka þann flokk út. Það er mjög mikið gleðiefni fyrir Ísland að ákveðið hefur verið að Novice verði með í framtíðinni og þykir mér sérstaklega ánægjulegt að sú ákvörðun hafi verið samþykkt á Íslandi. Síðast en ekki síst um Norðurlandamótið, Lieve Lindberg frá Svíþjóð vann með mér og Sigrúnu Ingu Mogensen að undirbúningi fyrir mótið frá því í október. Lieve og Sigrún Inga sáu svo um öll dómaraþlög og tölvumál ásamt Jens Buch og stóðu sig frábærlega.

Við alla þá fjölmörgu sem tóku þátt í að gera NM2008 að veruleika vil ég segja; þið megið gjarnan klappa ykkur á öxlina fyrir vel unnin störf. Takk kærlega fyrir aðstoðina. Við eigum öll hrós skilið.

Skautasambandið hefur verið að vinna í því að mennta dómara og tæknifólk fyrir dómgæslu hér á landi. Það er afar mikilvægt fyrir okkur að eiga fólk sem hefur alþjóðleg réttindi til þess að vinna á mótum. Það að byggja upp dómara/tæknidómara, landsdómara, alþjóðadómara eða ISU dómara er margra ára vinna. Við getum ekki sent keppendur á stærri ISU mót í framtíðinni ef við eigum ekki íslenska dómara. Guðbjört Erlendsdóttir er fyrst íslenskra dómara í listhlaupi til að hljóta viðurkenningu sem landsdómari. Guðbjört fór á ISU viðurkennt námskeið sem haldið var í tengslum við Finlandia Throhy s.l haust. Hún dæmdi á Norðurlandamótinu 2008 og á Copenhagen Trophy nú í mars en ÍSS sendi einnig 3 keppendur þangað sem stóðu sig með mikilli þryði. ÍSS hefur sótt um hjá ISU um að Guðbjört verði viðurkennd sem Alþjóðlegur dómari.

ÍSS þarf og verður að halda áfram uppbyggingu á dómurum og tæknifólki. Sólveig Dröfn Andrésdóttir mun sækja alþjóðlegt dómara námskeið viðurkennt af ISU í ágúst sem fer fram samhliða Junior Grand Prix. Sigr. María Fortescue og Svava Hróðný Jónsdóttir fara á dómara námskeið til Danmerkur í ágúst auk þeirra vonumst við til þess að senda 1-3 á námskeið þar fyrir TS. Eins er verið að skoða möguleika á því að senda einnig TS á námskeið í Svíþjóð.

Einnig höfum við verið beðin um dómara til Danmerkur, Sólveig Dröfn Andrésdóttir, Sigr. María Fortescue og Sigríður Björk Sigurðardóttir dæmdu á móti í október. Sigr. María Foretescue hefur síðan farið til Danmerkur og dæmt á 2 mótum til viðbótar s.l. vetur.

Danska Skautasambandið stóð fyrir námskeiði í ágúst 2007 IJS þar sem námskeiðshaldarar voru Sissy Krick ISU, Maria Mclean og Kurt Poulsen. Ég fór á það námskeið til að læra DVO ( Data input/video cutter) ásamt Sigrúnu Ingu Mogensen, reiknimeistara ÍSS.

Í framhaldi af námskeiðinu samþykkti Sissy Krick að koma til Íslands ásamt Maríu Mclean og halda samskonar námskeið. ISU hafði gefið út nýjar reglur um dómgæslu og mikilvægt að allir sem að dómgæslu koma séu vel upplýstir. Námskeiðið var vel sótt af dómurum, tæknifólki, þjálfurum og foreldrum sem vildu kynna sér kerfið.

Samhliða NM2008 var dómarnámskeið haldið í Egilshöll. Patrick Ibens ISU, var með námskeiðið. Allir ÍSS dómara tóku þátt á námskeiðinu ásamt Lindu Viðarsdóttur sem er TS. Að auki voru fjölmargir sem tóku þátt á námskeiðinu sem koma til með að vera æfingadómara og/eða dómara næsta keppnistímabil en þeir þurfa einnig að taka þátt á námskeiði ÍSS sem fram fer í haust auk þess að fylgjast með breytingum sem verða á reglum ISU.

ÍSS er að vinna að undirbúningi að dómarnámskeiði sem fer fram í Reykjavík í ágúst/september 2008. Verið er að kanna hvort Lieve Lindberg og Laila Davidsson geti komið á þessum tíma, en þær eru báðar mjög færar í því að halda slík námskeið. Námskeiðið er hugsað svipað og s.l. ár þ.e. fyrir dómara, tæknidómara, tæknifólk, þjálfara og þá sem hafa áhuga á að kynna sér IJS.

ISU 52 Congress fer fram í júní í sumar og því viðbúið að einhverjar breytingar líti dagsins ljós. Því er mjög mikilvægt fyrir dómara og þjálfara að fylgjast vel með og taka virkan þátt á námskeiðinu sem ÍSS verður með.

Uppbygging á íslenskum þjálfurum er mjög mikilvægt fyrir skautaíþróttina á Íslandi. ÍSS hefur verið með sérgreinanámskeið frá því árið 2003. S.l. vetur var námskeið í 1B og voru 8 aðstoðarþjálfarar sem sóttu námskeiðið. Erlendína Kristjánsson og Helga Olsen hafa íslenskað allt efni í 1A og 1B og séð um námskeið ÍSS í þeim hlutum. Í haust verður 1C hlutinn á Akureyri, María Mclean mun sjá um þann hluta, ásamt því að kynna Skautum Regnbogahlutann úr 1A, fyrir íslenska og erlenda þjálfara. Þeir sem hafa lokið almenna hluta ÍSÍ, 1A+B+C og sérgreinahluta ÍSS 1A+B+C öðlast réttindi sem þjálfarar barna yngri en 12 ára. Stemmt er að því að hefja 2A á árinu 2009.

Félögin hafa verið að vinna með verkefnið “Skautum Regnbogann” en það byggist á því að kenna ungum skauturum grunnæfingar í skautun. Skautum Regnbogann er sjálfsstætt kerfi til þess að kenna grunnskautun þar sem skautarinn ávinnur sér skauta mismunandi að lit í samræmi við þær æfingar sem hann hefur náð. Síðasti skautinn, hvítur, er krafa til þess að skautari megi taka Grunnpróf ÍSS.

Undirbúningur að Grunnprófi ÍSS hefur tekið 4 ár. Veturinn 2006-2007 voru fundir með Maríu Mclean ásamt þjálfurum félaganna þar sem allir tóku þátt í því að móta Grunnpróf ÍSS og aðlaga íslenskum skauturum. Í ágúst 2007 var síðan námskeið á ís með Maríu Mclean þar sem grunnæfingarnar voru kynntar. Námskeiðið var mjög vel sótt eða um 20 þjálfarar mættir. Sett var á stofn „work group“ með 1 þjálfara frá hverju félagi ásamt 3 dómurum ÍSS og Maríu. Í framhaldi af námskeiðinu var gefin út handbók í september 2007 fyrir stjórnir og þjálfara fyrir prófin sem fóru fram nú í apríl 2008. Í bæklingnum voru þjálfarar hvattir m.a. til þess að kenna æfingarnar strax um haustið til þess að skautararnir gætu æft þær jafnt og þétt yfir veturinn. Auk þess voru þjálfarar hvattir til þess að skrá ekki börn sem þeir teldu að myndu ekki ná prófi, vantaði einhver element/skautun. Prófið er tvíþætt þ.e. grunnæfingar og frjálst prógram með fyrirfram ákveðnum elementum sem skautarinn þarf að skila til þess að standast próf þarf að ná báðum þáttum. Fyrsta Grunnpróf ÍSS var í nú í apríl 10 skautarar þreyttu prófið til þess að mega keppa í 10A frá 3 félögum.

4 skautarar náðu prófi og hafa rétt til þess að keppa í 10A næsta keppnistímabil. Í september verður prófað aftur, þ.e. dómara fara til félaganna í samráði við félögin og ÍSS. Prófin verða á heimavelli skautaranna í framtíðinni. Þeir skautarar sem ná öðrum hluta þurfa ekki að taka hann aftur eingöngu þann hluta sem uppá vantar. Kostnaður við að taka prófið er kr. 5.000,- en þeir sem þurfa eingöngu að taka 1 hluta aftur greiða kr. 2.500,-. Kostnaður vegna þessa er til þess m.a. að greiða dómurum, ferðir innanlands, ístíma o.fl. tengt prófinu. Skautasambandið mun vinna strangt eftir þessu prófkerfi í framtíðinni og því mikilvægt fyrir félögin að halda áfram sínu starfi í að þjálfra skautarana sína í þeim æfingum sem “Skautum Regnbogann” inniheldur og þeim æfingum sem þarf að skila á grunnprófi. Næsta vor eða í apríl/maí 2009 verða próf í; 8, 10 og 12A og 8, 10, 12B. Síðan bætist við einn keppnisflokkur á ári fram til ársins 2012 en þá ættu allir flokkar að vera komnir með próf. Þetta mun einfalda alla vinnu fyrir stjórnir og þjálfara auk þess sem skilningur íþróttamannsins og foreldra verður skýrari á því í hvaða flokki hver keppir.

Því miður þá var dómurum gert mjög erfitt fyrir á þessu fyrsta Grunnprófi ÍSS þar sem nokkrir skautarar vissu hreinlega ekki hvaða æfingu þau ættu að gera eða einfaldlega hvernig ætti að framkvæma og það sem kannski verra var að í frjálsa prógramminu hjá nokkrum voru eletmentin röng. Ráðist var að gesti ÍSS sem hefur unnið mikið og gott starf í þágu íþróttarinnar fyrir okkur og er með réttindi frá ISU og íslenskir dómarnir fengu sinn skerf líka. Það er með öllu óásættanlegt að þjálfarar eða aðrir, leyfi sér að efast um heiðarleika dómara sem koma til starfa fyrir ÍSS. Ef einhver er ekki sáttur með útkomu hvort sem er á prófum eða mótum, þarf að vinna það faglega og félögin eiga að senda inn skriflega kvörtun/kæru til ÍSS og/eða ÍSÍ svo hægt verði að taka faglega á þeim kvörtunum og/eða kærum.

María McLean hefur haldið áfram vinnu sinni fyrir okkur með góðum árangri. Hún er núna einnig að vinna fyrir danska skautasambandið. Við teljum það aðeins hafa gott í för mér sér og vill hún hafa meira samstarf á milli þessarar tveggja sambanda. María hefur unnið fyrir okkur ómetanlegt starf undanfarin ár. Má þar nefna m.a.; Skautum Regnbogann, Grunnpróf ÍSS, Þjálfaramenntun ÍSS, 1 A+B+C, hún er að leggja lokahönd á 2A+B+C, Afreksstefnu ÍSS, kynna okkur m.a. fyrir þjálfurum erlendis sem hingað hafa komið og kynna okkar vinnu innan ISU svo fátt eitt sé upp talið. Auk þess er hún í Tækniráði ÍSS og í nefnd um Afreksstefnu ÍSS ásamt mér og Sigrún Ingu Mogensen.

Valið var í Afrekshópa ÍSS í maí 2007. 17 skautarar voru valdir af þeim sérfræðingum sem hingað höfðu komið, Virpi Horttana og Mariu Mclean. Allir sem voru valdir ákvaðu að taka þátt í þessu verkefni. Haldnar voru 3 æfingabúðir fyrir hópinn síðast liðið tímabil. Anne Shelter kom í september, Virpi Horttana í desember og Peter Grutter í apríl. 3 skautarar voru valdir til að taka þátt á Copenhagen Trophy eins og áður hefur komið fram. Á námskeiðinu í apríl komu einnig skautarar frá Danmörku og Noregi. Sem er liður í framtíðar samstarfsverkefni sambandanna. Fundir voru haldnir með stjórnnum félaga s.l. vor þar sem fyrirkomulag síðasta veturs var kynnt og jafnframt kom fram að þetta væri í mótun og myndi taka breytingum næstu árin. Skautarar yrðu valdir á hverju ári. Spurning hvort að þetta er eitthvað sem við erum öll sátt við þ.e. að skautarar séu valdir eitt árið og detti út það næsta? Ég mun ekki fara nánar í Afrekshópa ÍSS hér á þinginu þar sem strax í lok þings verður fundur með stjórn ÍSS, fráfarandi og þeirra sem verða kjörnir á þingi, ásamt stjórnnum aðildarfélaganna. Afreksskautarar verða til hjá félögum ekki ÍSS því teljum við að það sé mjög mikilvægt að félögin taki þátt í þessu samhliða og með ÍSS til þess að uppbyggingu á framtíðar Afreksskauturum Íslands verði markvissari og skili sér betur!

Það er mjög dýrmætt fyrir okkur öll að draga úr brottfalli úr íþróttinni og að halda inni skauturum sem hafa æft í fjölda ára en kjósa að keppa ekki eða ná ekki þeim lágmarkum til að keppa erlendis fyrir Íslands hönd en geta samt skarað fram úr á landsvísu.

Við erum fá á Íslandi með stutta íþróttasögu í listhlaupi á skautum og við verðum öll að vinna saman að því að byggja upp íþróttastarf fyrir börn og unglunga þar sem gleðin ræður ríkjum.

Við verðum að geta rætt málin á faglegum grunni og kynnt okkur málin áður en hlaupið er af stað með ranghugmyndir og/eða staðreyndavillur. Eitt símtal getur oft leyst úr málum og/eða útskýrt, á skjótan og farsælan hátt, þar sem flestir verða sáttir. Síðasti vetur var mjög annaamur og mikið um að vera hjá ÍSS ég hef stiklað á því helsta hér á undan. Nokkur málefni voru leyst með símtölum eða eftir að leitað var frekari útskýringa. Ég hef átt gott samstarf við öll félögin og vil virkja það samstarf enn betur, það að tala saman auðveldar allt það góða starf sem við erum öll að vinna að hverju sinni.

Í lokin vil ég þakka meðstjórnendum mínum fyrir óeigingjörn störf í þágu íþróttarinnar, ásamt því sem þeir hafa veitt mér ánægjulegt og gott samstarf.

Reykjavík, 24. maí 2008

June Eva Clark  
formaður Skautasambands Íslands